

# Ársskýrsla stjórnar Krabbameinsfélags Reykjavíkur

Flutt á aðalfundi 17. mars 2014

Skýrslan nær yfir síðasta starfsár, frá aðalfundi 11. mars 2013 til aðalfundar 17. mars 2014.

## Stjórn og starfsmenn

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórn Krabbameinsfélags Reykjavíkur verið þannig skipuð: Agnes Smáradóttir formaður, Árni Einarsson varaformaður, Gunnar Már Hauksson gjaldkeri, Birna Guðmundsdóttir ritari og meðstjórnendur eru Aðalheiður K. Þórarinsdóttir, Arnar Hauksson og Þórunn Sævarsdóttir. Í varastjórn eru Guðrún Sigurðardóttir, Skúli Jón Sigurðarson og Vala Smáradóttir.

Stjórnarfundir voru níu milli aðalfunda og sóttu varamenn þá til jafns við aðalmenn. Einnig funduðu formaður, varaformaður, gjaldkeri og framkvæmdastjóri eftir þörfum. Á stjórnarfund nr. 500 var boðið fyrrum formönnum og heiðursfélögum Krabbameinsfélags Reykjavíkur. Viðstaddir ræddu um málefni félagsins í fortíð, nútíð og framtíð og hvaða væntingar þeir hefðu til þess.

Ingibjörg K. Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur hefur undanfarið starfsár aðstoðað félagið við reykbindindisnámskeið og ráðgjöf varðandi tóbaksvarnir. Ásbjörg Ívarsdóttir, sem var starfsmaður félagsins í nær 39 ár, hefur frá því að hún hætti í föstu starfi árið 2008 aðstoðað félagið við happdrættið og fleira. Guðlaug B. Guðjónsdóttir er framkvæmdastjóri í fullu starfi.

Félagsmenn eru 1.020, þar af eru ævifélagar 70.

## Fræðslu- og forvarnastarfsemi

Samkvæmt samstarfssamningi við Krabbameinsfélag Íslands frá árinu 2007 á Krabbameinsfélag Reykjavíkur að sinna fræðslu- og útgáfumálum. Þriggja manna fræðsluráð hefur verið starfandi sem í hafa setið Jónas Ragnarsson ritstjóri hjá Krabbameinsfélagi Íslands, Sigrún Lillie Magnúsdóttir forstöðumaður Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands og

Agnes Smáradóttir krabbameinslæknir, fulltrúi stjórnar Krabbameinsfélags Reykjavíkur. Framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Reykjavíkur hefur verið starfsmaður ráðsins.

Hlutverk ráðsins var að hafa umsjón með og frumkvæði að verkefnum á sviði fræðslumála og útgáfu fræðsluefnis um krabbamein og krabbameinsvarnir. Fræðsluráð fundaði með forsvarsmönnum Krabbameinsskrárinnar, Leitarstöðvarinnar og markaðsdeildar Krabbameinsfélagsins á árinu.

Nýr samstarfssamningur Krabbameinsfélags Reykjavíkur og Krabbameinsfélags Íslands hefur verið undirritaður verður og fjallað um hann í lok skýrslunnar.

## **Útgáfumál**

Fræðsluspjöldin „Skilaboð til kvenna“ og „Skilaboð til karla“ voru endurskoðuð og sett í nýtt útlit. Á bakhlið þeirra voru settar upplýsingar um einkenni sem karlar og konur ættu að huga að. Einnig voru útbúnir standar með skilaboðunum sem hægt er að nota við kynningar og fræðslu. Fræðsluritin „Krabbamein í brjóstum“ og „Krabbamein í maga og vélinda“ komu út, fræðsluritið „Sortuæxli í húð“ var endurgert og fræðsluritið „Krabbamein í ristli og endaparmi“ var endurprentað.

Ýmsar almennar upplýsingar um krabbamein voru útbúnar og settar á vef Krabbameinsfélagsins. Félagið, Ráðgjafarþjónustan og næringarráðgjafar á Landspítalanum eru að vinna að fræðsluefni um næringu og krabbamein.

Verið er að leggja lokahönd á þýtt og staðfært fræðsluefni um carcinoid eða krabbalíki.

## **Fræðslumyndir**

Fræðslumyndin „Manni sjálfum að kenna“ sem fjallar um reykingatengda lungnasjúkdóma var frumsýnd í lok maí 2013 í Ríkissjónvarpinu í tengslum við tóbakslausa daginn og endursýnd í nóvember í tilefni alþjóðlegs mánaðar um lungnakrabbamein. Myndin var unnin í samstarfi við Samtök lungnasjúklinga. Bókasöfn landsins hafa fengið sent eintak af myndinni.

Gerð myndar um sortuæxli og önnur húðkrabbamein er langt komin og verður væntanlega sýnd í sjónvarpi í maí nk. Myndin er unnin í samstarfi við átakshóp um sólarvarnir; Geislavarnir ríkisins, Embætti landlæknis og húðlæknana Bárð Sigurgeirsson og Jón Hjaltalín Ólafsson sem eru faglegir ráðgjafar við gerð myndarinnar. Vala Smáradóttir varamaður í stjórn Krabbameinsfélags Reykjavíkur er viðmælandi í myndinni. Systir Völu, Adda

Smáradóttir, afhenti á aðalfundi Krabbameinsfélags Íslands í maí sl., 580.000 kr. sem voru afrakstur áheita sem söfnuðust við að hún lét raka af sér hárið. Hún og fjölskyldan óska eftir að fjármagnið verði nýtt í gerð fræðslumyndarinnar. Móðir þeirra systra lést af völdum sortuæxlis. Sótt var um styrk í Lýðheilsusjóð til myndarinnar og fengust 400.000 kr. Verið er að sækja um fleiri styrki.

Fræðslumyndin „Þetta er svo lúmskt“, sem gerð var fyrir þremur árum var kynnt fyrir norrænum sjónvarpsstöðvum að frumkvæði Ríkisútvarpsins. Það er Páll Kristinn Pálsson kvikmyndagerðarmaður sem gert hefur fræðslumyndarnar með okkur.

Krabbameinsfélag Reykjavíkur og Ráðgjafarþjónustan skipulögðu upptöku á fræðsluerindi Láru Sigurðardóttur læknis á Leitarstöð Krabbameinsfélagsins um HPV sem síðan sett var á vef Krabbameinsfélagsins. Lára fjallaði um smitleiðir HPV, forstigsbreytingar í leghálsi og einkenni leghálskrabbameins. Einnig var rætt um lífshætti sem auka líkur á forstigsbreytingum, um bólusetningu gegn HPV og kynnt hvernig leghálskrabbameinsleit er háttáð. Skólahjúkrunarfræðingum framhaldsskólanna var bent á vefrænu útgáfuna til að nota í fræðsluskyni í skólunum.

## **Tóbaksvarnir**

Krabbameinsfélag Reykjavíkur hefur haldið reglulega reykbindingisnámskeið þar sem þátttakendur hittast átta sinnum á þriggja mánaða tímabili og að námskeiði loknu er þátttakendum fylgt eftir í eitt ár. Á starfsárinu var haldið eitt reykbindingisnámskeið með 13 þátttakendum. Að auki voru sex í einstaklingsráðgjöf. Leiðbeinandi á námskeiðinu og í einstaklingsráðgjöfinni er Ingibjörg K. Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur. Ingibjörg svarar fyrirspurnum um tóbaksvarnir sem koma gegnum vefinn og í síma. Einnig hefur hún svarað fyrirspurnum frá foreldrum og gefið ábendingar og ráðgjöf um það hvernig takast á á við reykingar barna og unglunga. Mikilvægt er að efla meðferð til reykleysis þar sem reykingar eru stærsti áhættuþáttur krabbameins. Félagið hefur áhuga á að sett verði á laggirnar þjónustumiðstöð í tóbaksvörnum. Sótt var um styrk í Lýðheilsusjóð vegna þessa.

Ingibjörg hefur kennt reykleysismeðferð hjá þriðja árs nemum í hjúkrunarfræði og meistaranemum í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands.

Agnes formaður og Guðlaug framkvæmdastjóri voru nýlega í viðtali í Lyfjatíðindum um óbeinar reykingar og fleira varðandi tóbaksneyslu.

Guðlaug var með kynningar- og fræðslubás um tóbaksvarnir á fræðsludögum hjá Ölgerð Egils Skallagrímssonar í fyrravor.

### **Hættan er ljós og samnorraent átak**

Tíu ár eru síðan átakswerkefnið „Hættan er ljós“ hófst en það er samstarfsverkefni Geislavarna ríkisins, Embætti landlæknis, húðlækna og Krabbameinsfélagsins. Átakshópurinn fundar reglulega og hefur margvíslegt samráð. Framtíðarsýn hópsins er að stuðla að skynsamlegri hegðun landsmanna í sól og að draga enn frekar úr almennri notkun ljósabekkja.

Árlega er gerð könnun átakshópsins á ljósabekkjanotkun landsmanna og haldið verður áfram að fræða um afleiðingar óhóflegra sólbaða. Niðurstöður síðustu könnunar staðfestir minnkandi notkun ljósabekkja hér á landi og fáir undir 18 ára aldri nota ljósabekki. Um 11% fullorðinna (eldri en 18 ára) notuðu ljósabekki síðustu tólf mánuðina áður en síðasta könnun var gerð. Í þeirri könnun var enn fremur spurt hvort viðkomandi hefði brunnið af völdum sólar eða ljósabekkja á síðastliðnum tólf mánuðum. Með bruna er átt við að roði myndist á húð ásamt því að sviði sé til staðar. Um 73% þeirra sem svöruðu höfðu ekki brunnið sem er nokkuð há tala í samanburði við tölur í erlendum rannsóknum og tengist e.t.v. því hve útfjólublá geislun var lítil í sumar vegna skýjafars.

Krabbameinsfélag Reykjavíkur og Fræðsla og forvarnir (FRÆ) gerðu með sér verksamning á um frágang á námsefni um sólina en því verki er ekki lokið.

Guðlaug er fulltrúi Krabbameinsfélagsins í norrænu samstarfi um varnir gegn húðkrabbameini. Tíðni sortuæxla hefur farið vaxandi á Norðurlöndunum á síðustu 30 árum. Á Íslandi er tíðnin þó aðeins farin að lækka eftir að hafa verið einna hæst. Einn helsti áhættuþáttur sortuæxla er sólbruni og ljósabekkjanotkun. Ekki er ólíklegt að minnkandi notkun ljósabekkja eigi þátt í lækkandi tíðni. Ísland var fyrst Norðurlandanna til að setja lög um 18 ára aldurstakmark varðandi ljósabekki en árið 2012 bættust Finnland og Noregur í hópinn. Danir og Svíar eru að vinna að því sama. Norræna samstarfið felst í því að fá ferðaþjónustuna, ferðaskrifstofur, flugfélög og fleiri, í samvinnu um að bæta upplýsingar um öryggi í sólinni og hvernig skynsamlegt er að njóta sólarinnar á sem öruggastan hátt.

Guðlaug svaraði beiðnum og fyrirspurnum frá dönsku og sænsku krabbameinsfélögum um lagasetningu okkar á 18 ára aldurstakmarki á notkun ljósabekkja, hvernig lagasetningin hefði gengið fyrir sig, hvaða reglugerðir væru til staðar og fleira varðandi ljósabekkjanotkun hérlandis.

## **Örráðstefnur og málþing**

„Aðgát skal höfð í nærveru sólar“ var yfirskrift örráðstefnu sem Krabbameinsfélag Reykjavíkur og Ráðgjafarþjónustan stóðu fyrir í maí sl. Guðlaug framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Reykjavíkur setti ráðstefnuna og kynnti m.a. verkefnið „Hættan er ljós“ og norrænu samvinnuna. Erindi fluttu dr. Bárður Sigurgeirsson húðsjúkdómalæknir, Gunnar Bjarni Ragnarsson krabbameinslæknir, Laufey Tryggvadóttir framkvæmdastjóri Krabbameinskrárinnar og Vala Smáradóttir aðstandandi. Í lok ráðstefnunnar voru umræður og fyrirspurnir. Fundarstjóri var Helga Möller söngkona.

Krabbameinsfélag Reykjavíkur, Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar, Samhjálp kvenna og Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins stóðu fyrir örráðstefnu um brjóstakrabbamein í október 2013 undir yfirskriftinni „Lífið heldur áfram“. Kristján Oddsson yfirlæknir á Leitarstöð Krabbameinsfélagsins hélt erindið „Hvers vegna mæta konur ekki betur í leit?“, Ásthildur Elva Bernharðsdóttir sérfræðingur í áfallastjórnun hélt erindið „Glíman við krabbamein“, og Eiríkur Jónsson yfirlæknir á Landspítalanum var með erindið „Sjáið manninn“. Reynslusögu sagði Brynja Björk Gunnarsdóttir hjúkrunarfræðingur. Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson rithöfundur og tónlistarmaður flutti nokkur lög. Fundarstjóri var Birna Einarsdóttir bankastjóri.

Á Læknadögum í janúar 2014 stóðu Félag krabbameinslækna, Félag sérfræðinga í meltingarsjúkdómum, Félag ristil- og endaparmsskurðlækna og Krabbameinsfélag Reykjavíkur fyrir málþinginu „Faraldur ristilkrabbameins: Verður eitthvað aðhafst?“ Friðbjörn Sigurðsson krabbameinslæknir flutti erindið „Faraldur ristilkrabbameins“, Sigurjón Vilbergsson meltingarlæknir talaði um „Ávinning skimunar“, „Framtíðin með og án skimunar“ var heiti erindis Tryggva Stefánssonar skurðlæknis, og Ásgeir Theódórs meltingarsérfræðingur fjallaði um klínískar leiðbeiningar. Í lokin voru fjörugar pallborðsumræður. Ásgeir og Friðbjörn stýrðu þinginu. Mikil og góð fjölmiðlun var í tengslum við þingið. Málþingið var myndarlega styrkt af Roche og Merck Serono á Íslandi.

## **Bleiki mánuðurinn**

Í bleika mánuðinum var aðstoðað við yfirllestur gagna og setnir samráðsfundir. Fræðsluspjaldið „Skilaboð til kvenna“ var sent m.a. til aðildarféлага Krabbameinsfélags Íslands, á heilsugæslustöðvar og víðar. Rafræn útgáfa af spjaldinu var send á ýmsar kvennahreyfingar og þær beðnar um að dreifa skilaboðunum til sinna félagsmanna. Einnig var aðstoðað með yfirllestur.

## **Mottumars**

Framkvæmdastjóri hefur aðstoðað m.a. með yfirlestur á greinum og að útbúa ýmis fræðslu- og upplýsingagögn. Fræðsluspjaldið „Skilaboð til karla“ var sent á aðildarfélög Krabbameinsfélagsins, á heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu ásamt nokkrum staðreyndum um krabbamein karla, og á slökkvistöðvar landsins. Aðstoðað var við örráðstefnu Ráðgjafarþjónustunnar um ristilkrabbamein í mars 2014 þar sem Agnes formaður var með erindi og aðstoðað við skipulagningu málþings um krabbamein í blöðruhálskirtli. Félagið útvegar Borgarbókasafninu fræðsluefni en í tengslum við mottumars sýnir safnið fræðslumyndir félagsins.

## **Nemendur og skólar**

Ætíð er nokkuð um að starfsfólk félagsins aðstoði nemendur og kennara framhaldsskóla og háskóla við heimildaöflun vegna ýmissa skrifa, rannsókna og kennslu sem tengist krabbameini og forvörnum.

Hópur nema sem eru á þriðja ári í hjúkrunarfræði kom, líkt og undanfarin haust, í heimsókn í Skógarhlíðina ásamt hjúkrunarfræðingunum Höllu Grétarsdóttur og Hrefnu Magnúsdóttur. Það var hluti af klínísku námi nemanna að kynna sér starfsemi Krabbameinsfélagsins.

Nokkrir nemendur úr Háaleitisskóla komu í heimsókn í fyrravor til að fræðast um krabbamein, forvarnir og starfsemi Krabbameinsfélagsins. Áhugi þeirra tengdist skólaverkefni sem þeir voru að vinna og ekki síst þar sem fyrrum skólustjóri þeirra, Brynhildur Ólafsdóttir, lést úr krabbameini í desember 2012. Brynhildur var um árabil stjórnarmaður í Krabbameins-félagi Reykjavíkur.

## **Vika 43, Verum vakandi og Samstarfsráð um forvarnir**

Krabbameinsfélag Reykjavíkur er þátttakandi í Viku 43 sem er vettvangur félagasamtaka sem vilja leggja forvörnum lið og/eða hafa forvarnir að markmiði starfs síns, til þess að vekja athygli á forvarnastarfi og áfengis- og vímuefnamálum. Í Viku 43 var að þessu sinni lögð áhersla á að minna á að almenn þátttaka, einhugur og víðtækt samstarf foreldra, félagasamtaka og skóla er lykilinn að árangri í forvörnum. Í upphafi vikunnar var Kristjáni Þór Júlíussyni heilbrigðisráðherra fært innrammað þakkarskjal frá Samstarfsráði um forvarnir, vegna ákvörðunar ríkisstjórnar Íslands að setja „forvarnir í öndvegi“ í stjórnarsáttmálann.

Félagið er einnig þátttakandi í átakinu „Verum vakandi“ sem er vakningarátak sömu aðila og standa að Viku 43 og snýr að skaðsemi kannabis undir yfirskriftinni „Bara gras?“. Markmið átaksins er að fræða foreldra um kannabis, einkenni, skaðsemi og forvarnir, svo og að gera foreldra og heimili virk í forvörnum með því að leggja þeim til þekkingu, traustar upplýsingar og möguleg úrræði. Einnig að virkja samfélagið í átaki gegn kannabisneyslu og þeim rangfærslum um áhrif kannabisefna sem nú er dreift til ungmenna með aðstoð netsins.

Umsjón með þessum verkefnum hefur Samstarfsráð um forvarnir sem um 25 samtök standa að. Guðlaug er fulltrúi Krabbameinsfélagsins í stjórn ráðsins.

## **Vefsíðumál**

Nokkur umræða og fundir hafa verið á starfsárinu varðandi vefsíðu Krabbameinsfélagsins. Komið hefur fram að skort hafi heildarsýn og stefnu fyrir hana og að breytinga sé þörf til að vefsíðan standist kröfur tímans. Krabbameinsfélag Reykjavíkur leggur áherslu á að fræðsla og forvarnir verði sýnilegri og aðgengilegri fyrir notendur. Stjórn félagsins ákvað að styrkja fjárhagslega við lagfæringar til að gera hana aðgengilega fyrir snjallsíma og spjaldtölvur, og verða lagðar fram 1,9 milljónir króna í þeim tilgangi.

Guðlaug framkvæmdastjóri félagsins og Sigrún forstöðumaður Ráðgjafabjónustunnar hafa fundað nokkrum sinnum með fulltrúum frá Landspítalanum sem eru að vinna að vefrænni fræðslu fyrir krabbameinssjúklinga og aðstandendur. Einnig hafa þær fundað með ungum áhugasömum einstaklingum sem eru að gera smáforrit, svonefnt app, með stuðnings- og fræðsluefni fyrir sjúklinga og aðstandendur.

## **Stuðningur við sjúklinga**

Tveir stuðningshópar sem eru ekki formlegir aðilar að Krabbameinsfélagi Íslands starfa undir verndarvæng Krabbameinsfélags Reykjavíkur. Annars vegar eru það Góðir hálsar, stuðningshópur um krabbamein í blöðruhálskirtli, og hins vegar Stuðningshópur kvenna með krabbamein í eggjastokkum. Hvor hópur um sig hittist reglulega á rabbfundum og fræðslufundum, karlahópurinn fyrsta miðvikudag í mánuði allt árið og kvannahópurinn síðasta miðvikudag í hverjum mánuði á veturna. Hóparnir hafa undanfarin ár haldið sameiginlegan aðventufund þar sem rithöfundar hafa komið og lesið úr bókum sínum og boðið er upp á tónlistar- og skemmtiatriði.

Góðir hálsar tóku þátt í verkefninu „Karlarnir og kúlurnar“ þar sem hópur karla fékk tækifæri til að æfa golfsveifluna og fræðast um mataræði og gildi hreyfingar. Verkefnið var unnið í samvinnu við Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins, Framför og Kraft.

Félagar í Góðum hálsnum hafa verið öflugir við að veita stuðning við nýgreinda þegar eftir því hefur verið leitað.

Verið er að skoða hugmynd, í samstarfi við Ráðgjafarþjónustuna, um að breyta Stuðningshópi kvenna með krabbamein í eggjastokkum þannig að fleiri krabbamein tengd kynfærum kvenna falli undir einn og sama stuðningshópinn.

Krabbameinsfélag Reykjavíkur, Ristilfélagið og Stómastamtökin hafa haldið áfram með samstarf ásamt meltingarsérfræðingi, krabbameinslækni og fleirum stuðningsaðilum í árveknihópi um ristilkrabbamein. Nú í mars fær fyrsti hluti þeirra sem verða fimmtugir á árinu afmælistkort, „Gefðu þér góða afmælisgjöf“, með skilaboðum um mikilvægi þess að gefa sjálfum sér þá gjöf að fara í ristilskoðun. Tilgangurinn er að vekja athygli á ristilkrabbameini og hvetja fólk til að vera vakandi fyrir einkennum og hvetja stjórnvöld til að sem fyrst verði hafin skipuleg leit að sjúkdómnum. Kynningarbréf vegna afmælistortsins verður sent út til ýmissa aðila sem tengjast þessum málaflokki.

Félagið er í góðu samstarfi við aðra stuðningshópa Krabbameinsfélagsins og aðstoðar þá eftir þörfum, t.d. við gerð fræðsluefnis, árskýrslna, yfirlestur, við skipulag funda og fleira.

Lýst hefur verið áhuga á að stofna stuðningshóp fyrir þá sem greinast með húðkrabbamein og sortuæxli og til þess að efla forvarnir. Síðastliðið vor var sent bréf til formanna heimilislækna, lýtalækna, og á húðlækna og krabbameinslækna. Voru þeir beðnir að kynna hugmyndina fyrir sínum samstarfsmönnum og að benda skjólstæðingum sínum á stutta könnun á vefsíðu Krabbameinsfélagsins þar sem við vildum kanna áhuga á slíkum stuðningshópi. Lítil viðbrögð urðu við þessu en til stendur að áréttta beiðnina í maí þegar fræðslumyndin um sortuæxli og önnur húðkrabbamein verður sýnd.

## **Styrkveitingar - styrktarsjóður**

Styrkveitingar félagsins á reikningsárinu voru tuttugu, að fjárhæð rúmar 2,4 milljónir króna. Heilbrigðisstarfsfólk fékk styrki vegna sérnáms, fræðsluferða og ráðstefna. Til stendur að endurskoða úthlutunarreglur styrktarsjóðsins.



## **Starfsþróun**

Guðlaug sótti alþjóðlega ráðstefnu um sólarvarnir sem haldin var í Berlín í haust. Guðlaug lauk þátttöku í námskeiði Krafts um „Stuðningsnetið“. Starfsmenn hafa sótt fræðslufundi á vegum „Náum áttum“ samtakanna. Ingibjörg sótti norræna lungnaráðstefnu sem haldin var í Reykjavík sl. sumar.

## **Happdrættið**

Happdrætti Krabbameinsfélagsins hefur verið ein helsta tekjulind Krabbameinsfélags Reykjavíkur í sextíu ár og hefur gegnum árin gert félaginu kleift að sinna fræðslustarfinu. Það má segja að fræðsla um krabbamein og krabbameinsvarnir byggist að miklu leyti á happdrættisfé og að happdrættið eigi sinn þátt í þeim mikla árangri sem náðst hefur í tóbaksvörnum síðustu áratugi.

Heildarsala happdrættismiða í jólahappdrættinu var svipuð og árið áður en minnkaði milli ára í sumarhappdrættinu. Hátt hlutfall af verðmæti vinninga gekk út í jólahappdrættinu m.a. bíllinn. Vinningsbílar voru í báðum happdrættunum í Smáralind og þar fór fram sala á lausa-sölumiðum. Í jólahappdrættinu var aukin kynning og auglýsingar á Facebook og prufað var að selja miða í gegnum netverslun Krabbameinsfélagsins. Sala happdrættismiða til fyrirtækja fór fram hjá Markaðsráði.

Í sumarhappdrættinu voru á bakhlið miðans árétuð nokkur einkenni sem karlar ættu ekki að láta fram hjá sér fara, mikilvægi þess að þekkja ákveðin líkamleg einkenni og bregðast við þeim verði þau viðvarandi. Í jólahappdrættinu voru skilaboð um að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin telji að með heilbrigðum lífstíl sé hægt að koma í veg fyrir að minnsta kosti þriðja hvert krabbamein.

Fulltrúar nokkurra líknarhappdrætta hafa haft með sér samstarf og hittast til að fara yfir sameiginleg mál. Markhópa happdrættisins hafa verið endurskoðaðir og félagið vonast eftir breytingum tengdum birtingarformi seðilsins í netbanka.

## **Fjármál**

Afkoma félagsins á reikningsárinu var neikvæð um tæpar 6 milljónir króna. Reiknaðar lífeyrissjóðsskuldbindingar félagsins eru rúmar 47,1 milljónir króna og lækkuðu um rúmar 4,7 milljónir króna milli ára.

Kostnaður við fræðslustarfsemi félagsins var tæpar 26,6 milljónir króna. Árið 2013 skilaði happdrættið félaginu um 15,3 milljónum króna í tekjur en þær voru árið áður um 22,6 milljónir króna. Þessar upphæðir eru fyrir utan lífeyrisskuldbindingar og greiddan lífeyri.

Aðrir tekjuliðir, fyrir utan vaxtatekjur, eru félagsgjöld, merkjasala, styrkir og námskeiðsgjöld. Merkjasalan var fyrstu helgina í september. Seldir voru pennar og endurskinsmerki með merki Krabbameinsfélagsins.

## **Samstarf við ýmsa aðila**

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands var haldinn í maí 2013. Á fundinum lagði stjórn Krabbameinsfélags Reykjavíkur fram áskorun til stjórnar Krabbameinsfélags Íslands um að ramma inn stefnumál Krabbameinsfélagsins að fyrirmynd Norska krabbameinsfélagsins. Norska félagið hefur skipt upp áherslumálum sínum í þrennt undir yfirskriftinni:

Okkar stefnumál:

Að vinna markvisst að því að fækka krabbameinstilfellum.

Að vinna markvisst að því að lækka dánartíðni þeirra sem greinast.

Að vinna markvisst að sem bestum lífsgæðum þeirra sem greinast og aðstandenda.

Á aðalfundarauka eftir hádegi var fjallað um bættu þjónustu við sjúklinga og aðstandendur.

Formannafundur Krabbameinsfélaganna var haldinn í september 2013 í Hafnarfirði, í boði Krabbameinsfélags Hafnarfjarðar. Agnes formaður og Gunnar Már gjaldkeri voru fulltrúar Krabbameinsfélags Reykjavíkur. Á fundinum var rætt um vaxandi útgjöld sjúklinga, farið yfir reynslu af velunnarastyrkjum og kynnt vinna við stefnumótun Krabbameinsfélagsins 2014-2016.

Gjaldkeri okkar félags, Gunnar Már Hauksson, er fulltrúi í fjáröflunarráði Krabbameinsfélagsins. Það hefur m.a. það hlutverk að efla, samhæfa og hafa yfirumsjón með fjáröflun Krabbameinsfélags Íslands, svæðafélaga þess og stuðningshópa.

Á sl. ári studdi Krabbameinsfélag Reykjavíkur fjárhagslega við Ráðgjafarþjónustuna með fimm milljónum króna. Styrkurinn var til eins árs og ákvörðun um framhald yrði að byggjast á stöðumati og út frá fjárhagsstöðu félagsins. Félagið leggur áherslu á öfluga og skýra samvinnu félagsins og Ráðgjafarþjónustunnar varðandi ýmiss konar fræðslumál. Stöðumat vegna síðasta árs liggur ekki fyrir en það er óhætt að segja að aðsókn hafi aukist og einnig

framboð á þjónustu. Félagið hefur einnig komið fjárhagslega að ýmsum samstarfsverkefnum með Ráðgjafarþjónustunni og veitt styrki til starfsfólks á vegum þjónustunnar.

Formaður og fyrrum formaður eru í endurhæfingarteymi Landspítalans fyrir krabbameinsgreinda og hafa staðið fyrir skipulagðri fræðslu með Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins fyrir krabbameinssjúklinga og aðstandendur.

Húsnefnd hefur verið starfandi mörg undanfarin ár og er framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Reykjavíkur í nefndinni ásamt Jónasi Ragnarssyni ritstjóra, Sigríði Þorsteinsdóttur hjúkrunarframkvæmdastjóra á Leitarstöðinni og Þresti Á. Gunnarssyni fjármálastjóra Krabbameinsfélags Íslands. Einnig situr Oddur Eggertsson húsvörður fundi nefndarinnar. Sl. sumar var bætt úr bílastæðamálum hússins og nú standa yfir umtalsverðar og kostnaðarsamar viðgerðir á utanhúsklæðningu og gluggum hússins.

Mörg verkefni félaganna eru unnin í samvinnu Jónasar Ragnarssonar og okkar. Gott samstarf er við starfsfólk Leitarstöðvarinnar og félagið aðstoðar við gerð ársskýrslu Leitarstöðvarinnar. Guðlaug skoðaði sérstaklega norrænt myndrænt fræðsluefni um leghálskrabbamein og brjóstakrabbamein fyrir Leitarstöðina. Einnig er aðstoðað með yfirlestur á greinum og gögnum fyrir utan það að sjá um bæklingaútgáfu stöðvarinnar. Öðrum sviðum Krabbameinsfélags Íslands er líka veitt aðstoð við yfirlestur gagna og með þátttöku í skipulagningu ýmissa verkefna.

„Heilsuhlaup Krabbameinsfélagsins“ var haldið í maí sl. og var Guðlaug í undirbúningshópi hlaupsins.

Félagið hefur átt gott samstarf við aðildarfélög og stuðningshópa Krabbameinsfélagsins, Morgunblaðið, Icepharma, Smáralindina, starfsmenn Fræðslumiðstöðvar í fíknivörnum (FRÆ) og fleiri. Ásgeir Theódórs meltingarlæknir og Friðbjörn Sigurðsson krabbameinslæknir hafa ásamt stuðningsaðilum unnið mjög ötult starf í „ristilhópnum“. Þeir komu á stjórnarfund félagsins í nóvember til að ræða ristilkrabbameinsmál. Einnig má minnst á afar gott samstarf við starfsfólk Arion banka varðandi happdrættið og fleira.

## **Lokaorð**

Aðaláhersla í starfsemi Krabbameinsfélags Reykjavíkur er fræðsla og forvarnir. Fyrr í þessum mánuði afhentum við ásamt tólf fagfélögum og sjúklingafélögum áskorun til Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra þar sem skorað var á stjórnvöld að hefja skipulega leit af ristilkrabbameini sem fyrst.

Varðandi fræðslumálin þá hefur Krabbameinsfélag Reykjavíkur haft umsjón með framkvæmd og rekstri Happdrættis Krabbameinsfélagsins. Miðar eru seldir á landsvísu og ágóði notaður fyrst og fremst til fræðslumála á grunni samstarfssamnings milli Krabbameinsfélags Reykjavíkur og Krabbameinsfélags Íslands. Í síðustu viku var undirritaður nýr samstarfssamningur þar sem gerðar voru nokkrar breytingar. Þar var lögð áhersla á að efla fræðsluna með að styrkja svo kallað fræðslu- og fagrað. Bindum við miklar vonir við öflugt starf þessa nýa ráðs. Rætt hefur verið um að nauðsynlegt sé að efla fræðsluna á vef Krabbameinsfélagsins og tryggja eftir bestu getu að þar komi fram gagnreyndar upplýsingar.

Á næsta starfsári höfum við í hyggju að halda áfram fræðslu og forvarnarstarfi. Áhersla verður lögð á tóbaksvarnir, sólarvarnir og að miðla þekkingu m.a. varðandi forvarnargildi hreyfingar og næringu. Þá mun baráttan fyrir skimun á ristilkrabbameini halda áfram í samstarfi við Krabbameinsfélag Íslands, Ristilfélagið og Stómasamtök Íslands.

Að lokum mun Krabbameinsfélagi Reykjavíkur halda áfram að styðja við starfsemi Ráðgjafarþjónustunnar eftir bestu getu sem auk þess að þjónusta aðildarfélög um land allt sem og stuðningshópa sjúklunga, er mikilvægur stuðningur fyrir þá sem greinast með krabbamein á höfuðborgarsvæðinu.